



Könnun á mati stjórnenda
sveitarfélaga á Skólavog

2015/20

Könnun á mati stjórnenda sveitarfélaga á Skólavog
© Samband íslenskra sveitarfélaga 2015/20
Hag- og upplýsingasvið
Borgartúni 30
Pósthólf 8100 – 128 Reykjavík
Ábyrgðarmaður: Valgerður Ágústsdóttir

Inngangur

Í desember 2011 gerði Samband íslenskra sveitarfélaga samning til fimm ára við Skólapúlsinn ehf. um framkvæmd og úrvinnslu gagna vegna Skólavogar. Í skólavogina er safnað þrenns konar upplýsingum, viðhorfum nemenda, foreldra og kennara gagnvart skólastarfinu í gegnum kannanir Skólapúlsins ehf., námsárangri nemenda og ýmsum lykiltölum er varða rekstur skólans svo sem rekstrarkostnaði á hvern nemanda. Með slíkri upplýsingaöflun opnaðist möguleiki á að ná góðri yfirsýn yfir hverju þeir fjármunir sem settir eru í skólastarfið skiluðu. Á árinu 2014 voru þrjú ár liðin frá því að samningar tókust við Skólapúlsinn ehf. Með þessari könnun er ætlunin að fá fram mat stjórnenda sveitarfélaga á Skólavoginni í þeim tilgangi að gera enn betur og sníða af mögulega vankanta.

Könnunin var send út fimmtudaginn 19. júní 2014 á framkvæmdastjóra þeirra 20 sveitarfélaga sem þátt taka í Skólavoginni í tölvupósti. Alls svöruðu 15 sveitarfélög könnuninni af 20 sem merkir að svarhlutfallið var 75%.

Helstu niðurstöður

Upplýsingar bárust frá 15 þátttökusveitarfélögum sem merkir að svarhlutfallið var 75%.

Tæplega helmingur nýtir niðurstöður Skólavogar stundum við fjárhagsáætlanagerð vegna grunnskóla eða 7 sveitarfélög. Önnur 7 sveitarfélög eða 47% þeirra taka niðurstöður Skólavogar oft til umræðu í skólanefnd/fræðslunefnd.

Ríflega helmingur sveitarfélaga skoðar rekstrartölur grunnskóla u.þ.b. mánaðarlega og tæplega helmingur sveitarfélaga skoðar árangur í samræmdum prófum mánaðarlega.

Um 80% sveitarfélaganna 15 segjast horfa mjög mikið eða mikið á niðurstöður nemendakannana í samanburði við önnur sveitarfélög. Um 74% sveitarfélaga segjast horfa mikið á niðurstöðu sína vegna rekstrarkostnaðar grunnskóla og árangur í samræmdum prófum í samanburði við önnur sveitarfélög.

Öll sveitarfélögin nema eitt telja niðurstöður allra lykiltalna skipta mjög miklu eða frekar miklu máli.

Samanlagt segja 78% sveitarfélaga að fulltrúar þeirra sýni niðurstöðum Skólavogar mikinn eða frekar mikinn áhuga.

Almennt þá segja 53% sveitarfélaganna 15 frekar eða mjög einfalt að vinna með það greiningatæki sem Skólavogin býður upp á. Um 40% sveitarfélaga finnst þó frekar flókið að vinna með það.

Meirihluti þátttökusveitarfélaga hefur ekki nýtt sér ráðgjöf frá Skólapúlsinum við að skilja niðurstöðurnar eða kynna þær. En þau sem það hafa gert telja ráðgjöfina hafa verið frekar eða mjög gagnlega.

Um fimmtungur sveitarfélaga telja gjaldskrá Skólavogar vera frekar eða mjög ósanngjarna. Ríflega þriðjungur telur hana frekar sanngjarna en heil 43% merkja við hvorki né.

Þegar á heildina er litið segja 78% sveitarfélaga að niðurstöður Skólavogar gagnist sveitarfélaginu mikið eða mjög mikið.

Stærð sveitarfélaga

Spurt var um stærð sveitarfélags eftir flokkun sem birt er í töflu 1.


Tafla 1. Hve margir búa í sveitarfélaginu?

Fjöldi íbúa	Fjöldi sveitarfélaga	% skipting
Færri en 500	0	0%
501 - 1000	1	7%
1001 - 2000	2	13%
2001 - 5000	6	40%
5001 - 10.000	1	7%
10.001 eða fleiri	5	33%
Alls	15	100%

Skýring: Spurning nr. 1.

Öll sveitarfélögin 15 svöruðu spurningunni. Taflan sýnir að um 40% svarenda eru sveitarfélög með 2001 – 5000 íbúa og þriðjungur er með 10.001 íbúa eða fleiri.

Mynd 1. Hlutfallsleg skipting íbúafjölda sveitarfélaga sem svöruðu



Mynd 1 sýnir hlutfallslega skiptingu sveitarfélaga sem svöruðu könnuninni eftir íbúafjölda þeirra. Ekkert sveitarfélag hefur 500 íbúa eða færri.

Niðurstöður Skólavogar

Spurt var nokkurra spurninga um niðurstöður Skólavogar; hvernig þær eru nýttar, hve oft þær eru skoðaðar, hvort sveitarfélögin nýti sér samanburðarmöguleika og hve einfalt eða flókið þeim finnst að túlka þær. Að auki var spurt um mikilvægi þeirra og hver áhugi fulltrúa í skólanefnd/fræðslunefnd er á þeim.


Tafla 2. Hvað af eftirfarandi er gert við niðurstöður úr Skólavoginni?

	Oft	Stundum	Sjaldan	Aldrei	Veit ekki	Fjöldi alls
Notaðar í fjárhagsáætlanagerð vegna grunnskóla	0	7	5	3	0	15
Teknar til umræðu í skólanefnd/fræðslunefnd	7	6	2	0	0	15
Teknar til umræðu með skólastjórnendum	7	7	1	0	0	15

Skýring: Spurning nr. 2.

Spurningunni svöruðu öll sveitarfélögin 15. Mynd 2 sýnir hlutfallslega skiptingu svara sveitarfélaganna byggða á töflunni hér fyrir ofan.

Mynd 2. Hlutfallsleg skipting svara vegna úrvinnslu niðurstaðna í Skólavog



Tæplega helmingur nýtir niðurstöður Skólavogar stundum við fjárhagsáætlanagerð vegna grunnskóla eða 7 sveitarfélög. Önnur 7 sveitarfélög eða 47% þeirra taka niðurstöður Skólavogar oft til umræðu í skólanefnd/fræðslunefnd. Önnur 40% eða 6 sveitarfélög

segjast gera það stundum. Tæplega helmingur eða 47% segist oft taka niðurstöður til umræðu með skólastjórnendum og jafnmörg segjast gera það stundum.


Tafla 3. Á síðasta skólaári, hve oft að jafnaði voru niðurstöður sveitarfélagsins í eftirfarandi lykiltölum skoðaðar?

	Aldrei	A.m.k. einu sinni	Mánaðarlega	Viku- lega	Oft í viku	Veit ekki	Á ekki við	Fjöldi alls
Nemendakönnun	0	6	7	2	0	0	0	15
Starfsmannakönnun	0	6	5	1	0	0	3	15
Foreldrakönnun	0	6	4	2	0	0	3	15
Árangur í samræmdum prófum	0	6	7	2	0	0	0	15
Rekstrarkostnaður grunnskóla	0	6	8	1	0	0	0	15
Aðrar lykiltölur grunnskóla	0	8	6	1	0	0	0	15

Skýring: Spurning nr. 3.

Öll sveitarfélögin 15 svöruðu spurningunni. Algengast er að sveitarfélögin skoði rekstrarkostnað grunnskóla, árangur í samræmdum prófum og niðurstöður nemendakönnunar mánaðarlega, en næst algengst er að skoða þær a.m.k. einu sinni. Aðrar lykiltölur er algengast að skoða a.m.k. einu sinni.

Mynd 3. Hlutfallsleg skipting á svörum við hve oft lykiltölur eru skoðaðar



Mynd 3 sýnir hvernig hlutfallsleg skipting svara er úr töflu 3. Ríflega helmingur sveitarfélaga skoðar rekstrartölur grunnskóla u.þ.b. mánaðarlega og 7% skoðar þær

vikulega. Tæplega helmingur sveitarfélaga skoðar árangur í samræmdum prófum mánaðarlega og 13% gera það vikulega.


Tafla 4. Hversu mikið eða lítið horfir þú á niðurstöðu sveitarfélags í samanburði við önnur sveitarfélög?

	Mjög mikið	Mikið	Hvorki né	Lítið	Mjög lítið	Á ekki við	Fjöldi alls
Nemendakönnun	4	8	2	0	1	0	15
Starfsmannakönnun	2	7	2	0	1	3	15
Foreldrakönnun	2	8	2	0	1	2	15
Árangur í samræmdum prófum	1	10	2	1	1	0	15
Rekstrarkostnaður grunnskóla	1	10	3	0	1	0	15
Aðrar lykiltölur grunnskóla	1	9	4	0	1	0	15

Skýring: Spurning nr. 6.

Öll sveitarfélögin 15 svara þessari spurningu. Almennt segjast sveitarfélögin horfa mikið á niðurstöður sínar í samanburði við önnur sveitarfélög. Það á sérstaklega við um lykiltölur vegna rekstrarkostnaðar grunnskóla og árangurs í samræmdum prófum.

Mynd 4. Hlutfallsleg skipting svara um samanburð við önnur sveitarfélög



Um 80% sveitarfélaganna 15 segjast horfa mjög mikið eða mikið á niðurstöður nemendakönnanna í samanburði við önnur sveitarfélög. Um 74% sveitarfélaga segjast horfa mikið á niðurstöðu sína vegna rekstrarkostnaðar grunnskóla og árangur í samræmdum prófum í samanburði við önnur sveitarfélög.


Tafla 5. Hve litlu eða miklu máli skiptir fyrir sveitarfélagið að fá niðurstöður vegna eftirfarandi lykiltalna?

	Mjög miklu máli	Frekar miklu máli	Hvorki né	Frekar litlu máli	Mjög litlu máli	Á ekki við	Fjöldi alls
Nemendakönnun	8	5	1	0	0	0	14
Starfsmannakönnun	6	6	0	0	0	1	13
Foreldrakönnun	7	6	0	0	0	0	13
Árangur í samræmdum prófum	6	7	1	0	0	0	14
Rekstkostnaður grunnskóla	7	6	1	0	0	0	14
Aðrar lykiltölur grunnskóla	4	9	1	0	0	0	14

Skýring: Spurning nr. 10.

Spurningin er samsett af sex töluliðum og þeim svara ýmist 13 eða 14 sveitarfélög. Öll sveitarfélögin nema eitt segja það skipta frekar miklu eða mjög miklu máli að fá niðurstöður allra lykiltalna.

Mynd 5. Hlutfallsleg skipting svara um mikilvægi niðurstaðna fyrir sveitarfélögin



Myndin sýnir hvernig svörin skiptast hlutfallslega. Öll sveitarfélögin nema eitt telja niðurstöður allra lykiltalna skipta mjög miklu eða frekar miklu máli. Flest telja þau niðurstöður nemendakönnunar skipta mjög miklu máli eða 57%.


Tafla 6. Hversu lítinn eða mikinn áhuga sýna fulltrúar í skólanefnd/fræðslunefnd á niðurstöðum sveitarfélagsins í Skólavoginni?

	Fjöldi sveitarfélaga	% skipting
Mikinn áhuga	2	14%
Frekar mikinn áhuga	9	64%
Hvorki né	1	7%
Frekar lítinn áhuga	1	7%
Mjög lítinn áhuga	0	0%
Á ekki við	1	7%
Alls	14	100%

Skýring: Spurning nr. 11.

Spurningunni svöruðu 14 sveitarfélög. Ellefu þeirra segja fulltrúa skólanefndar/fræðslunefndar sýna niðurstöðum Skólavogar frekar mikinn eða mikinn áhuga. Eitt svarar þannig að áhugi fulltrúanna sé hvorki né og annað svarar að þeir hafi frekar lítinn áhuga.

Mynd 7. Hlutfallsleg skipting svara um áhuga fulltrúa í skólanefnd/fræðslunefnd á niðurstöðum sveitarfélagsins



Langflest eða tæplega $\frac{2}{3}$ sveitarfélaga svara á þann veg að fulltrúar þeirra í skólanefnd/fræðslunefnd sýni niðurstöðum sveitarfélagsins í Skólavog frekar mikinn áhuga og önnur 14% segja þá sýna mikinn áhuga. Samanlagt segja 78% sveitarfélaga að fulltrúar þeirra sýni niðurstöðum Skólavogar áhuga.

Greiningatæki Skólavogar og viðmót

Spurt var um hversu einfalt eða flókið er að vinna með greiningatækið sem Skólavogin býður upp á. Bæði var spurt um greiningatækið almennt, og síðan spurt hvernig er að vinna með gögnin áfram í t.d. kynningar eða skýrslur.


Tafla 7. Finnst þér einfalt eða flókið að vinna með það greiningatæki sem Skólavogin býður upp á?

	Fjöldi sveitarfélaga	% skipting
Mjög einfalt	3	20%
Frekar einfalt	5	33%
Hvorki né	1	7%
Frekar flókið	6	40%
Mjög flókið	0	0%
Alls	15	100%

Skýring: Spurning nr. 4.

Öll sveitarfélögin 15 svöruðu spurningunni. Átta þeirra eða rúmlega helmingur telur greiningatækið mjög eða frekar einfalt í notkun. Þó segja sex sveitarfélög að það sé frekar flókið að vinna með það.

Mynd 7. Hlutfallsleg skipting svara um greiningatæki Skólavogar



Mynd 7 sýnir hlutfallslega skiptingu svara sveitarfélaga um hve einfalt eða flókið þeim finnst að vinna með greiningatæki Skólavogar. Almennt þá segja 53% sveitarfélaganna 15

frekar eða mjög einfalt að vinna með það, en þó segja 40% frekar flókið að vinna með það.


Tafla 8. Finnst þér einfalt eða flókið að vinna áfram með gögn úr Skólavog, svo sem nota þau í skýrslu eða kynningar?

	Mjög einfalt	Frekar einfalt	Hvorki né	Frekar flókið	Mjög flókið	Á ekki við	Fjöldi alls
Nemendakönnun	2	6	1	6	0	0	15
Starfsmannakönnun	1	5	1	5	0	3	15
Foreldrakönnun	1	5	1	6	0	2	15
Árangur í samræmdum prófum	3	8	0	4	0	0	15
Rekstarkostnaður grunnskóla	2	10	1	2	0	0	15
Aðrar lykiltölur grunnskóla	2	9	1	3	0	0	15

Skýring: Spurning nr. 5.

Þessari spurningu svöruðu öll sveitarfélögin 15. Algengast er að sveitarfélögum finnst frekar einfalt að vinna áfram með gögn úr Skólavog vegna rekstarkostnaðar grunnskóla, árangurs í samræmdum prófum og vegna annarra lykiltalna grunnskóla. Algengast er að sveitarfélögum finnst frekar flókið að vinna áfram með gögn úr viðhorfakönnunum Skólapúlsins.

Mynd 8. Hlutfallsleg skipting svara um hvernig er að vinna áfram með gögn úr Skólavog



Ríflega $\frac{2}{3}$ sveitarfélaga telja frekar einfalt að vinna áfram með lykiltölur vegna rekstrarkostnaðar grunnskóla og ríflega helmingur telur frekar einfalt að vinna áfram með gögn um árangur í samræmdum prófum. Um 40% sveitarfélaga finnst frekar flókið að vinna áfram með gögn úr nemenda- og foreldrakönnunum Skólaválsins ehf.

Ráðgjöf og túlkun niðurstöðna

Pá var spurt um hversu einfalt eða flókið er að túlka niðurstöður úr Skólaváginni og hvort sveitarfélögin nýti sér ráðgjöf Skólaválsins og hve gagnleg þeim finnst hún.


Tafla 9. Finnst þér einfalt eða flókið að skilja eða túlka niðurstöður sem þú færð úr Skólaváginni?

	Mjög einfalt	Frekar einfalt	Hvorki né	Frekar flókið	Mjög flókið	Á ekki við	Fjöldi alls
Nemendakönnun	3	8	4	0	0	0	15
Starfsmannakönnun	2	8	2	0	0	3	15
Foreldrakönnun	2	8	3	0	0	2	15
Árangur í samræmdum prófum	4	9	2	0	0	0	15
Rekstrarkostnaður grunnskóla	3	10	2	0	0	0	15
Aðrar lykiltölur grunnskóla	3	10	2	0	0	0	15

Skýring: Spurning nr. 7.

Öll sveitarfélögin 15 svöruðu spurningunni. Flestum finnst annað hvort mjög einfalt eða frekar einfalt að skilja niðurstöður Skólavágar. Engu sveitarfélagi finnst frekar flókið eða mjög flókið að skilja þær.

Mynd 9. Hlutfallsleg skipting svara um að skilja eða túlka niðurstöður Skólavogar



Mynd 9 varpar fram hlutfallslegri skiptingu svara sveitarfélaga sem byggð er á gögnum úr töflu 9. Jafnháu hlutfalli sveitarfélaga eða 87% þeirra finnst mjög eða frekar einfalt að skilja niðurstöður vegna lykiltalna vegna samræmdra prófa og vegna rekstarkostnaðar grunnskóla. Skiptingin innbyrðis er þó ekki alveg eins, um 27% segja mjög einfalt að skilja niðurstöður lykiltalna um árangur í samræmdum prófum en 20% segja hið sama um niðurstöður vegna rekstarkostnaðar grunnskóla. Um 73% sveitarfélaga telja mjög eða frekar einfalt að skilja niðurstöður nemendakönnunar og 66% segja hið sama um starfsmanna- og foreldrakönnun.


Tafla 10. Hefur þú nýtt þér ráðgjöf frá Skólapúlsinum við að nýta eða skilja niðurstöðurnar eða kynna þær?

	Aldrei	Einu sinni	2-3 sinnum	Oftar	Á ekki við	Fjöldi alls
Nemendakönnun	8	3	3	1	0	15
Starfsmannakönnun	8	2	1	1	2	14
Foreldrakönnun	8	2	2	1	1	14
Árangur í samræmdum prófum	9	3	2	1	0	15
Rekstarkostnaður grunnskóla	9	3	2	1	0	15
Aðrar lykiltölur grunnskóla	9	3	2	1	0	15

Skýring: Spurning nr. 8.

Við þessa spurningu eru sex spurningaliðir og var þeim ýmist svarað af 14 eða 15 sveitarfélögum. Meirihluti þeirra hefur ekki nýtt sér ráðgjöf frá Skólapúlsinum við að skilja niðurstöðurnar eða kynna þær.

Mynd 10. Hlutfallsleg skipting svara um hvort ráðgjöf Skólapúlsins hafi verið nýtt



Um 60% sveitarfélaga hafa ekki nýtt sér ráðgjöf Skólapúlsins við að nýta eða skilja niðurstöður í samræmdum prófum, í rekstarkostnaði grunnskóla og svo öðrum lykiltölum. Aðeins lægra hlutfall eða 57% hafa ekki nýtt sér ráðgjöf Skólapúlsins vegna niðurstaðna í foreldra- og starfsmannakönnun. Um 40% sveitarfélaga hafa nýtt sér ráðgjöfina a.m.k. einu sinni vegna niðurstaðna nemendakönnunar og 33% hafa nýtt sér hana a.m.k. einu sinni vegna niðurstaðna í samræmdum prófum og rekstarkostnaði grunnskóla.


Tafla 11. Hversu gagnleg var sú ráðgjöf eða aðstoð sem þú fékkst frá Skólapúlsinum?

	Fjöldi sveitarfélaga	% skipting
Mjög gagnleg	4	27%
Frekar gagnleg	4	27%
Lítt gagnleg	0	0%
Á ekki við	7	47%
Alls	15	100%

Skýring: Spurning nr. 9.

Spurningunni svöruðu öll sveitarfélögin 15 sem svöruðu könnuninni. Ríflega helmingur þeirra svarar því til að ráðgjöfin hafi verið mjög eða frekar gagnleg. Tæplega helmingur segir spurninguna ekki eiga við sig og má því álykta sem svo að þau sveitarfélög sem hafa nýtt sér ráðgjöfina á annað borð telja hana mjög eða frekar gagnlega.

Mynd. 11. Hlutfallsleg skipting svara um hve gagnleg ráðgjöfin er



Sjö sveitarfélög eða 45% þeirra sem svara segja spurninguna ekki eiga við. Af þeim átta sveitarfélögum sem tóku afstöðu segja fjögur eða 27% að ráðgjöfin hafi verið mjög gagnleg og jafnmörg segja að hún hafi verið frekar gagnleg. Ljóst er að þau sveitarfélög sem hafa nýtt sér ráðgjöfina á annað borð eru ánægð með hana.

Gjaldskrá Skólavogar

Skólapúlsinn ehf. innheimtir áskriftargjöld af sveitarfélögum vegna þátttöku í Skólavog. Áskriftargjöldum er ætlað að standa straum af kostnaði við þróun, rekstur og uppbyggingu Skólavogarárinnar. Sveitarfélögin voru spurð hve sanngjörn eða ósanngjörn þeim þætti gjaldskrá vegna Skólavogar.


Tafla 12. Hversu sanngjörn eða ósanngjörn þykir þér gjaldskrá vegna Skólavogar?

	Fjöldi sveitarfélaga	% skipting
Mjög sanngjörn	0	0%
Frekar sanngjörn	5	36%
Hvorki né	6	43%
Frekar ósanngjörn	2	14%
Mjög ósanngjörn	1	7%
Alls	14	100%

Skýring: Spurning nr. 12.

Alls svöruðu 14 sveitarfélög spurningunni. Þrjú segja gjaldskrána vera frekar eða mjög ósanngjarna. Sex þeirra taka ekki afstöðu og fimm sveitarfélög telja gjaldskrána frekar sanngjarna.

Mynd. 12. Hlutfallsleg skipting svara vegna viðhorfa til gjaldskrár Skólavogar



Um fimmtungur sveitarfélaga telja gjaldskrána vera frekar eða mjög ósanngjarna. Ríflega þriðjungur telur hana frekar sanngjarna en heil 43% merkja við hvorki né. Að auki voru sveitarfélögin spurð hvort þau hefðu einhverjar ábendingar vegna gjaldskrárinnar. Fimm ábendingar bárust.

Ábendingar sveitarfélaga vegna gjaldskrár Skólavogar.

- *Miða við fjölda nemenda en ekki íbúa eða minnka bilið milli fjölda. Það er t.d. blóðugt að lenda í fl. upp í 5.000 íbúa þegar í búafjöldinn er 2.200 og nemendafjöldi undir 300 nemendum - væri til í að greiða kr. 200.000.*
- *Finnst gjaldið í herra lagi.*
- *Mér finnst hún í lagi á meðan þessi mikla þróunarvinna er í gangi en á einhverjum tímapunkti verður þetta meira viðhald/uppfærsla og þá má endurskoða gjaldskrána til lækkunar að mínu mati.*
- *Of lítill munur á stórum og litlum sveitarfélögum. Myndi vilja að sambandið greiddi og sveitarfélög hefðu aðgang að gögnunum.*
- *Þegar sveitarfélag kaupir ekki foreldra og starfsmannakannanir (heldur hefur annað fyrirkomulag) þá er þetta mjög há upphæð fyrir lítið.*

Heildarmat á Skólavoginni

Að lokum voru sveitarfélögin spurð þegar á heildina væri lítið hversu lítið eða mikið niðurstöður úr Skólavoginni nýtast sveitarfélaginu.


Tafla 13. Þegar á heildina er lítið, hversu lítið eða mikið nýtast niðurstöður úr Skólavoginni fyrir sveitarfélagið?

	Fjöldi sveitarfélaga	% skipting
Mjög mikið	2	14%
Mikið	9	64%
Hvorki né	1	7%
Lítið	1	7%
Mjög lítið	1	7%
Alls	14	100%

Skýring: Spurning nr. 13.

Spurningunni svöruðu 14 sveitarfélög. Ellefu þeirra segja í heildina að niðurstöður Skólavogar nýtist mikið eða mjög mikið fyrir sveitarfélagið. Tvö sveitarfélög svara á þann veg að í heildina nýtast niðurstöður lítið eða mjög lítið fyrir sveitarfélagið.

Mynd 13. Hlutfallsleg skipting svara um nýtingu niðurstaðna þegar á heildina er lítið



Tæplega $\frac{2}{3}$ sveitarfélaga svara því til að niðurstöður Skólavogar nýtist sveitarfélaginu mikið þegar á heildina sé lítið og 14% segja þær nýtast mjög mikið. Samtals 78% sveitarfélaga telja niðurstöðurnar nýtast sveitarfélaginu mikið eða mjög mikið. Um 14% segja niðurstöðurnar nýtast lítið eða mjög lítið.

Athugasemdir og ábendingar

Að lokum var sveitarfélögum gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum um það sem betur mætti fara varðandi Skólavogina. Fimm ábendingar bárust.

Ábendingar sveitarfélaga um það sem betur mætti fara vegna Skólavogar.

- *Snýst um að ég sjálf gefi mér tíma til að setja mig inn í málin og finni út hvernig ég nýti upplýsingarnar sem best.*
- *Afar ánægður, engar aths. fyrir utan verð.*
- *Mætti þróa möguleika til að prenta út skýrslur.*
- *Gott væri að geta sett samanburð milli ára í sama súlurit eða sömu skjámynd, að ekki þurfi að fara milli skjámynda til að gera samanburð milli ára.*
- *Þetta væri annað væru komnar fleiri upplýsingar inn en við íhugum að segja upp vegna þess að þessar upplýsingar sem við sækjum þar liggja fyrir annarsstaðar, þó að þær séu aðeins aðgengilegri þarna. Semsagt of mikið endurgjald miðað við notkunarmöguleika.*

Fylgiskjal. Könnun um mat stjórnenda sveitarfélaga á Skólavoginni

1. Mat á Skólavog

Í desember 2011 gerði Samband íslenskra sveitarfélaga samning til fimm ára við Skólapúlsinn ehf. um framkvæmd og úrvinnslu Skólavogar. Í Skólavogina er safnað þrennskonar upplýsingum: viðhorfum nemenda, foreldra og kennara gagnvart skólastarfinu í gegnum viðhorfakannanir Skólapúlsins ehf., námsárangri nemenda og ýmsum lykiltölum er varða rekstur skólans svo sem rekstrarkostnað á hvern nemanda. Með þessari upplýsingaöflun opnaðist möguleiki á að ná góðri yfirsýn yfir hverju þeir fjármunir sem settir eru í skólastarfið skiluðu. Á þessu ári verða 3 ár síðan samningar tókust. Með þessari könnun er ætlunin að fá fram mat stjórnenda sveitarfélaga á Skólavoginni, þeim tilgangi að gera enn betur og sníða af mögulega vankanta. Sambærileg könnun verður send til skólastjóra vegna þess hluta Skólavogar sem snýr að viðhorfakönnunum Skólapúlsins ehf. **Athugið að svarfrestur er til 30. júní n.k.** Ábyrgðarmaður könnunar er Valgerður Ágústsdóttir, sími 5154900, tölvupóstfang valgerdur@samband.is. Athugið að niðurstöður könnunarinnar verða ekki persónurekjanlegar.

1. Hve margir búa í sveitarfélaginu?

- Færri en 500
- 501 - 1000
- 1001 - 2000
- 2001 - 5000
- 5000 - 10.000
- 10.001 eða fleiri

2. Nýting niðurstaðna úr Skólavog

2. Hvað af eftirfarandi er gert við niðurstöður úr Skólavog ehf.?

	Alltaf	Stundum	Sjaldan	Aldrei	Veit ekki
Notað í fjárhagsáætlanagerð vegna grunnskóla		<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Tekið til umræðu í skólanefnd/íræðslunefnd	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Tekið til umræðu með skólastjórnendum	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

Ef niðurstöður Skólavogar eru nýttar á annan hátt, hvernig?

3. Innihald lykiltalna

3. Hér á eftir er spurt um hve oft niðurstöður sveitarfélagsins í ákveðnum lykiltölum eru skoðaðar.

	Oft	Stundum	Sjaldan	Aldrei
Nemendakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Starfsmannakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Foreldrakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Árangur í samræmdum prófum	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Rekstkostnaður grunnskóla	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Aðrar lykiltölur grunnskóla	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

4. Greiningartækið

4. Finnst þér flókið eða einfalt að vinna með það greiningartæki sem Skólavogin býður upp á?

- Mjög einfalt
- Frekar einfalt
- Hvorki né
- Frekar flókið
- Mjög flókið

5. Finnst þér einfalt eða flókið að vinna áfram með gögn úr Skólavog, svo sem nota þau í skýrslur eða kynningar?

	Mjög einfalt	Frekar einfalt	Hvorki né	Frekar flókið	Mjög flókið	Á ekki við
Nemendakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Starfsmannakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Foreldrakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Árangur í samræmdum prófum	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Rekarkostnaður grunnskóla	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Aðrar lykiltölur grunnskóla	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

5. Um úrvinnslu niðurstaðna

6. Hversu mikið eða lítið horfir þú á niðurstöðu sveitarfélags í samanburði við önnur sveitarfélög?

	Mjög mikið	Mikið	Hvorki né	Lítið	Mjög lítið	Á ekki við
Nemendakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Starfsmannakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Foreldrakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Árangur í samræmdum prófum	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Rekstkostnaður grunnskóla	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Aðrar lykiltölur grunnskóla	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

7. Finnst þér einfalt / flókið að skilja eða túlka niðurstöður sem þú færð úr Skólavoginni?

	Mjög einfalt	Frekar einfalt	Hvorki né	Frekar flókið	Mjög flókið	Á ekki við
Nemendakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Starfsmannakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Foreldrakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Árangur í samræmdum prófum	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Rekstkostnaður grunnskóla	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Aðrar lykiltölur grunnskóla	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

8. Hefur þú nýtt þér ráðgjöf frá Skólapúlsinum við að nýta eða skilja niðurstöðurnar eða kynna þær?

	Aldrei	Einu sinni	2- 3 sinnum	Oftar	Á ekki við
Nemendakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Starfsmannakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Foreldrakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Árangur í samræmdum prófum	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Rekstarkostnaður grunnskóla	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Aðrar lykiltölur grunnskóla	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

9. Hversu gagnleg var sú ráðgjöf eða aðstoð sem þú fékkst frá Skólapúlsinum?

- Mjög gagnleg
- Frekar gagnleg
- Lítt gagnleg
- Á ekki við

6. Mikilvægi lykiltalna

10. Hve litlu eða miklu máli skiptir fyrir sveitarfélagið að fá niðurstöður vegna eftirfarandi lykiltalna?

	Mjög miklu máli	Frekar miklu máli	Hvorki né	Frekar litlu máli	Mjög litlu máli	Á ekki við
Nemendakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Starfsmannakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Foreldrakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Árangur í samræmdum prófum	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Rekstartkostnaður grunnskóla	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Aðrar lykiltölur grunnskóla	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

11. Hversu lítinn eða mikinn áhuga á niðurstöðum sveitarfélagsins í Skólavog hafa fulltrúar í skólanefnd/fræðslunefnd?

- Mikinn áhuga
- Frekar mikinn áhuga
- Hvorki né
- Frekar lítinn áhuga
- MJög lítinn áhuga

7. Gjaldskrá Skólavogar

Skólapúlsinn ehf. innheimtir áskriftargjöld af sveitarfélögum og er áskriftargjöldum ætlað að standa straum af kostnaði við þróun, rekstur og uppbyggingu Skólavogarinnar. Það er aðskilið frá gjaldi grunnskóla fyrir Skólapúlsinn.

Gjald fyrir Skólavogina

Árgjald til sveitarfélags fyrir Skólavog miðast við stærð þess skv. þessari töflu sem gildir við undirritun samnings:

- 1.Sveitarfélög með >10.000 íbúa: 920 þús.kr.
- 2.Sveitarfélög með 5.001-10.000 íbúa: 740 þús.kr.
- 3.Sveitarfélög með 2.001-5.000 íbúa: 430 þús.kr.
- 4.Sveitarfélög með 1.001-2.000 íbúa: 320 þús.kr.
- 5.Sveitarfélög með 501-1.000 íbúa: 220 þús.kr.
- 6.Sveitarfélög með <=500 íbúa: 140 þús.kr.

12. Hversu sanngjörn eða ósanngjörn þykir þér gjaldskrá vegna Skólavogar?

- Mjög sanngjörn
- Frekar sanngjörn
- Hvorki né
- Frekar ósanngjörn
- Mjög ósanngjörn

Hefur þú ábendingar um gjaldskrá Skólavogar?

8. Að lokum

13. Þegar á heildina er lítið, hversu lítið eða mikið nýtast niðurstöður úr Skólavoginni fyrir sveitarfélagið?

- Mjög mikið
- Mikið
- Hvorki né
- Lítið
- Mjög lítið

14. Hefur þú ábendingar um það sem mætti betur fara varðandi Skólavogina?

